




Kópavogi, 26. maí 2026
26051936/ AK

Dalvegur 30 og 30A

Fyrirspurn um þjónustuskilti á lóð

Umsögn skipulagsfulltrúa

Í erindi dags. 11. maí 2026 óskar Andri Klausen, fyrir hönd lóðarhafa, eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um hvort heimilt verði að setja upp upplýsingaskjái við innkeyrslu á norðurhlið og við suðurhlið lóðarinnar. Spurt er um upplýsingaskjá í þar sem fyrirtæki í húsunum geta miðlað upplýsingum til vegfarenda, s.s. um starfsemi, þjónustu og aðgengi. Um er að ræða tvo standa með tveimur skiltum hvor. Annar við Reykjanesbraut, þar sem skiltin snúa í vestur og austur. Hinn er við Dalveg, þar sem settar eru fram tvær tillögur um stefnu skilta.



Mynd 1 sýnir deiliskipulagsupprátt þar sem búið er að afmarka leiðbeinandi staðsetningu skilta með gulu.

Forsendur í skipulagi

Í gildi er deiliskipulag fyrir Dalveg 30 sem samþykkt var dags. 22. september 2020 m.s.br. Í breytingu á deiliskipulagi dags. 28. maí 2024 er fjallað um skilti í greinargerð með eftirfarandi hætti:

13. SKILTI Á LÓÐ OG BYGGINGUM

Leiðbeinandi staðsetning skilta á lóð er sýnd á upprætti. Þar sem þau eru nálægt veghelgun Reykjanesbrautar þurfa þau umsögn Vegagerðar áður en sótt er um byggingarleyfi. Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum en þurfa að hljóta afgreiðslu skipulagsráðs þegar byggingaráform eru lögð fram. Þjónustu- og auglýsingaskilti eru ekki heimiluð á þökum bygginga. Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum og lóð. Auglýsingaskjái eru óheimilir á byggingum og lóð. Óheimilt er að lýsa skilti með blikkandi lýsingu. Lýsing skal vera óbein og samfelld og komið fyrir þannig að hún lýsi beint á skilti eða sé innbyggð í skilti og lýsi ekki beint á götu, stíga eða aðliggjandi lóðir. Gegnsæ skilti (e. Internally-lit box signs) með innri lýsingu skulu vera dimmanleg og klukkustýrð þannig að tryggt sé að lýsing valdi hvorki ljósmengun nágrönnum til óþæginda né trufla umferð utan lóða. Þinglýsa skal kvöðum á lóðirnar vegna framangreinds skilyrðis fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Uppsetning þjónustuskilta er þannig í samræmi við deiliskipulag fyrir svæðið.



Áherslur skipulagsfulltrúa varðandi skilti

Á síðustu misserum hefur Kópavogsbær unnið að því að móta ramma um skilti í sveitarfélaginu til að stuðla að því að hægt sé að setja upp skilti sem þjóna tilgangi sínum og hafi óveruleg áhrif á umhverfi sitt. Til að gera þetta er lagt upp með að í uppsetningu skilta séu eftirfarandi þættir hafðir að leiðarljósi:

- Að skilti verði íbúum ekki til ama eða óþæginda og að þau séu í góðu samræmi við útlit og hönnun mannvirkja.
- Að skilti hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi eða ásýnd bæjarins eða ógni öryggi vegfarenda.
- Að skilti séu ekki stærri en þau þurfi að vera til að þjóna hlutverki sínu.

Þá leggur skipulagsfulltrúi áherslu á að til viðbótar við þær kröfur sem settar eru fram í deiliskipulagi séu skilti einnig í samræmi við eftirfarandi viðmið:

- Að stærð þeirra sé í samræmi við markmið þeirra og þau ekki stærri en þörf er á.
- Ekki er heimilt að vera með blikkandi ljós, hreyfimynd eða ljósgeisla í eða á skilti.
- Lágmark 45 sek skulu líða á milli skiptinga.
- Auglýsingaskilti eru óheimil á lóð.
- Skilti skulu falla vel að umhverfi sínu, vera skýr, upplýsandi og snyrtileg. Form, útlit og stærð skilta skal miðast við þann sem á að grípa skilaboðin.
- Skilti eða stoðir þess mega aldrei vera nær göngu- og hjólastígum en 1 m.
- Stafræn skilti skulu vera með innbyggðan skynjara til að mæla ljósstyrk umhverfis og sjálfvirka þreplausa stýringu á aðlögunardeyfð í rauntíma til að aðlaga ljósstyrk skiltisins að breytilegri umhverfisbirtu.
- Stafræn skilti skulu vera stillt þannig að ef búnaður í því bílar dettur ljómi þess tafarlaust niður í 4% styrk eða minna.
- Mikilvægt er að ljósabúnaður sé þannig stilltur að ljós spillist ekki út í umhverfið.
- Á nóttinni, t.d. milli 22:00 og 7:00 skulu skilti vera með dimma stillingu. Mögulega dökkur bakgrunnur. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem skilti vísa í átt að íbúðarbyggð.
- Almennt skal miðað við eftirfarandi gildi:

Aðstæður í umhverfi	Allir litir	
	Hámarksljómi skiltis (Cd/m ²)	Lágmarksljómi skiltis (Cd/m ²)
Sólríkt	7000	2800
Skýjað	1100	500
Í ljósaskiptum	300	200
Rökkur	200	100

- Ath. að hafa skal samráð við Vegagerðina varðandi skilti á veghelgunarsvæði þjóðvega.

Umsögn og niðurstaða

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við að lóðarhafi sækir um byggingarleyfi fyrir umræddum skiltum enda sé fyrirkomulag þeirra í samræmi við skilmála deiliskipulags. Einnig skulu skilti vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í umsögn þessari.

Í samræmi við skilmála deiliskipulag skal þinglýsa kvöð á lóðina um þau ákvæði sem gilda um skilti.

F.h. skipulagsfulltrúa
Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

